

Skipulags- og samgönguráð

Ár 2022, miðvikudaginn 23. mars kl. 9:02, var haldinn 132. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, Hofi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Pawel Bartoszek, Hjálmar Sveinsson, Sara Björg Sigurðardóttir, Örn Þórðarson, Ólafur Kr. Guðmundsson. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Alexandra Briem og áheyrnarfulltrúarnir Anna Maria Wojtynska og Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ólöf Órvarsdóttir, Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson og Jóhanna Guðjónsdóttir. Eftirtalinn starfsmaður sat fundinn með rafrænum hætti: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir. Fundarritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

(A) Skipulagsmál

1. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð Mál nr. SN010070

Lagðar fram fundargerðir embættisafgreiðslufunda skipulagsfulltrúa frá 11. og 18. mars 2022.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Athugasemdir vegna tillögu að deiliskipulagi Arnarnesvegjar eru ekki birtar í fundargerð. Harðorð mótmæli hafa borist frá stórum hópi sem ekki er hlustað á. Fyrirhugaðri framkvæmdum 3. áfanga Arnarnesvegjar hefur verið mótmælt vegna þess að hann mun eyðileggja eitt dýrmætasta svæði höfuðborgarsvæðisins. Framkvæmdin byggir á umhverfismati frá 2003 og hefur verið mótmælt kröftuglega á öllum skipulagsstigum af íbúum nágrennisins síðastliðin 40 ár. Nýleg niðurstaða Skipulagsstofnunar um að ekki væri tæknilega þörf á nýju umhverfismat, því að talið er að byrjað hafi verið á framkvæmdinni 2004, er engan veginn í samræmi við umhverfissjónarmið og almennt siðferði. Á síðustu 18 árum hefur höfuðborgarsvæðið breyst mikið og áherslur í umferðarmenningu hafa breyst verulega. Því er ljóst að umferðarlíkanið sem stuðst var við í upphaflega umhverfismatinu er úrelt og þarfnast ítarlegrar endurskoðunar. Það er vert að hafa í huga að verkfræðistofurnar sem vinna þessar skýrslur fyrir Vegagerðina koma ávallt með niðurstöður sem samræmast væntingum Vegagerðarinnar, enda ólíklegt að þessar verkfræðistofur fari að bíta höndina sem fæðir þær. Það er alveg ljóst að Vegagerðin og þessar verkfræðistofur virðast aldrei setja umhverfi og lífríki í fyrsta sætið. Svo snertir þessi vegur einnig Elliðaárdalinn og gengið er þar einnig á útivistarsvæði og öllu þessu er vísað til verkefnisstjóra.

2. Járnsletta 8, breyting á deiliskipulagi (03.454.3) Mál nr. SN220127

Lögð fram umsókn Kristjáns Ásgeirssonar dags. 25. febrúar 2022 ásamt bréfi dags. 25. febrúar 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Esjumela vegna lóðarinnar nr. 8 við Járnslettú. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit lóðarinnar vegna áætlana um byggingu viðbótar stakstæðrar einnar hæðar byggingar á lóðinni, samkvæmt uppdr. ALARK arkitekta ehf. dags. 25. febrúar 2022. Lagt er til að tillagan verði samþykkt án grenndarkynningar þar sem hún varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

3. Nýi Skerjafjörður, breyting á deiliskipulagi

Mál nr. SN210810

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Nýja Skerjafjarðar. Við vinnslu deiliskipulagstillögu var m.a. horft til umhverfisgæða með hliðsjón af uppfærðu Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Breytingin felst í: 1. Komið er fyrir dreifistöðvum Veitna ohf. með byggingarreitum á þremur stöðum innan deiliskipulagssvæðis. Ein dreifistöðin, sú sem er nyrst í græna ásnum fær sérlóð. 2. Kafli 5.10 vegna lóðar 5 í greinargerð er breytt. 3. Afmörkun fylgilóða fyrir djúpgáma í götum felld niður og gert er ráð fyrir sorpgerðum á lóðum sérbyla og raðhúsa, og djúpgámum á fjölbýlishúsalóðum undir einu eignarhaldi. 4. Akfær stígur á lóð 5 er felldur niður og er byggingarreitur austanmegin lóðar verður þá óslitinn en þess í stað er komið fyrir akfærum stíg vestan megin lóðar að djúpgámum. 5. Svæði afmörkuð á uppdrætti fyrir tímabundin haugsvæði vegna geymslu á menguðum jarðvegi á meðan vinna við jarðvegshreinsun stendur yfir, samtals 1 ha að stærð. 6. Tákn fyrir ofanvatnsrás á grænu svæði vestast á skipulagssvæði tekið út vegna breyttrar hönnunar ofanvatnslausna. 7. Byggingarreitir fyrir raðhús á lóð 2 dregnir inn 2m frá hjólastíg til að rýmka milli hjólastígs og húsgafla. 8. Byggingarreitir sérbyla við Skeljanes stækkaðir. 9. Lóðum 2, 3, 4, 6 og 10 skipt upp í smærri lóðareiningar. 10. Skilmálar fyrir lóð 10 undir hjúkrunarheimili eru felldir úr gildi en fjölbýlishúsum komið fyrir með allt að 80 íbúðum á lóðum 10a og 10b. 11. Lóðir sem snúa að miðsvæðum hafi heimild til atvinnu- og þjónusturýma á jarðhæðum sem snúa að götu. 12. Stök hús í inngörðum minnkuð á reitum 4 og 6. 13. Götuheitum nafnanefndar bætt inná uppdrátt. 14. Við port og sund á lóðum 3, 4, 5 og 10 skal vera uppbot í útvegg og vandaður frágangur. Breyting deiliskipulagsáætlana þessara er sett fram á þremur uppdráttum; deiliskipulaguppdrætti, skýringaruppdrætti og skuggavarpsuppdrætti, og í uppfærðri greinargerð, almennum skipulagsskilmálum og sérskilmálum, dags. 26. júní 2020 síðast br. 4. mars 2022. Einnig fylgir samantekt breytinga ásamt hönnunarleiðbeiningum fyrir almenningsrými, götur, torg og inngarða, dags. 4. mars 2022. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá. Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Um er að ræða ýmsar breytingar vegna Nýja Skerjafjarðar. Stærsta breytingin felst í því að hjúkrunarheimili á lóð 10 verður að almennu fjölbýlishúsi. Aðrar breytingar felast í uppskiptingu lóða, staðsetningu dreifistöðva, djúpgáma, tilfærslum á staðsetningu stíga o.fl. Við styðjum nýja byggð í Skerjafirði sem fyrr og hlökkum til að sjá hana rísa.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Lagt er fram stórt skjal sem ber nafnið Nýi Skerjafjörður og að breytt deiliskipulag fari í auglýsingu. Útilokað er að ná utan um allar þessar upplýsingar á stuttum tíma þótt umræðan sé nú ekki ný af nálinni. Málið hefur verið mjög umdeilt, og hreinlega mörgu mótmælt af íbúum svæðisins. Flestar þessar breytingar eru óafturkræfar. Það þarf sannarlega að byggja af krafti enda mikill húsnæðisskortur er í Reykjavík. Um það eru allir sammála enda barist um hverja íbúð. Í Reykjavík hefur ekki verið byggt nóg. Skortur hefur verið á húsnæði af öllum gerðum. Þetta á byggð þarna svo um munar. Hængur á þessu deiliskipulagi er að verið er að hanna hverfi þar sem sífellt þarf að taka mið af flugvelli sem á að fara. Af hverju

má ekki bíða eftir því að það gerist og þá mun hönnun e.t.v. verða allt öðruvísi? Þá verður hægt að hanna og byggja af myndarskap. Nú þarf t.d. að hanna nýja strönd með fram landfyllingu. Hönnuð strönd er líklega miklu betri en náttúruleg strönd að mati núverandi skipulagsyfirvalda. Þessi framkvæmd eru sögð ein mestu skipulagsmistök sem hafa verið gerð á síðustu árum.

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

4. Fornhagi 1, nýtt deiliskipulag (01.542.1) Mál nr. SN220141

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að nýju deiliskipulagi fyrir Hagaskóla að Fornhaga 1. Í tillögunni felst að gerðir eru byggingarreitir fyrir uppsetningu tímabundinna færanlegra eininga fyrir kennslu og starfsmannahald á lóð, samkvæmt uppdr. Hornsteina arkitekta ehf. dags. 18. mars 2022. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Því er fagnað að lögð er fram tillaga skipulagsyfirvalda/umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að nýju deiliskipulagi fyrir Hagaskóla að Fornhaga 1. Í tillögunni felst að gerðir eru byggingarreitir fyrir uppsetningu tímabundna færanlegra eininga fyrir kennslu og starfsmannahald á lóð. Árum saman hafa skólayfirvöld kvartað vegna ástandsins, skólinn löngu sprunginn og mygla og raki víða í eldri byggingu. Hagaskóli var eins og Fossvogsskóli hafa verið í langan tíma heilsuspillandi húsnæði en yfirvöld vildu ekki ljá málinu eyra. Verið er að súpa seyðið af áralangri vanrækslu á viðhaldi skólabygginga í borginni. Viðhaldsskuld borgarinnar er orðin stór og komið er að skuldadögum. Hvað varðar Hagaskóla er óhætt segja að þar hefur staðan verið sérlega alvarleg. Loksins er eitthvað að gerast. Börn og starfsfólk hafa iðulega verið veik og jafnvel alvarlega veik.

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

5. Álfheimar 74, breyting á deiliskipulagi (01.434.3) Mál nr. SN220083

Lögð fram umsókn LF1 ehf. dags. 9. febrúar 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Álfheima 74 - Glæsibæ vegna lóðarinnar nr. 74 við Álfheima. Í breytingunni felst að heimilt er að koma fyrir tæknirými ofan á þaki B og C húss, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Óðinstorgi dags. 15. mars 2022. Lagt er til að tillagan verði samþykkt án grenndarkynningar þar sem hún varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

6. Heiðargerði 34, breyting á deiliskipulagi (01.802.1) Mál nr. SN220079

Lögð fram umsókn Gunnars Björns Melsted dags. 10. febrúar 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Heiðargerðisreits vegna lóðarinnar nr. 34 við Heiðargerði. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit til suðurs, samkvæmt uppdr. Úti og inni arkitekta ehf. dags. 9. febrúar 2022. Lagt er til að tillagan verði

samþykkt án grenndarkynningar þar sem hún varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

7. Fossháls 13-15, breyting á deiliskipulagi (04.304.5) Mál nr. SN210687

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram umsókn Kjartans Hafsteins Rafnssonar dags. 1. október 2021 um breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 13-15 við Fossháls. Í fyrirhugaðri breytingu felst stækkun á byggingarreit lóðarinnar fyrir einnar hæðar viðbyggingu. Um er að ræða lagerhúsnæði við austurhluta lóðarinnar. Gert er ráð fyrir kjallara undir viðbyggingunni og að bætt verði við innkeyrslu á lóð vegna aðgengi að kjallara, samkvæmt uppd. K.J. ARK elf. dags. 28. september 2021. Tillagan var grenndarkynt frá 10. nóvember 2021 til og með 8. desember 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Finnboogi Geirsson f.h. Stjörnublikks ehf. dags. 26. nóvember 2021 og Kristín Lára Helgadóttir f.h. Hávarðsstaða ehf. dags. 7. desember 2021. Einnig er lagt fram samþykki eigenda að Fosshálsi 13 mótt. 31. janúar 2022 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. mars 2022. Lagt er til að tillögunni verði synjað með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa.

Synjað með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 11. mars 2022.
Vísað til borgarráðs.

(B) Byggingarmál

8. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423
fundargerð

Lagðar fram fundargerðir afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1154 og 1155 frá 8. og 15. mars 2022.

(C) Ýmis mál

9. Umhverfis- og skipulagssvið, ársuppgjör Mál nr. US220073
2021, trúnaður

Lögð fram og kynnt greinargerð vegna ársuppgjörs umhverfis- og skipulagssviðs fyrir árið 2021.

Hreinn Ólafsson fjármálastjóri tekur sæti á fundinum þessum lið.

- Kl. 9:57 tekur Nína Margrét Grímsdóttir sæti á fundinum.

10. Umhverfis- og skipulagssvið, Mál nr. US170113
ferðakostnaður

Lagt fram yfirlit yfir ferðakostnað umhverfis- og skipulagssviðs fyrir tímabilið október - desember 2021.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Árið 2021 fóru rúmlega 11 milljónir í ferðakostnað hjá Umhverfis- og skipulagssviði þrátt fyrir að Covid væri enn í gangi. Því er velt upp hvort þessar ferðir voru allar bráðnauðsynlegar og hvort fjarfundir hefðu ekki verið jafn gagnlegir. Í það minnst hefðu þeir ekkert kostað og sparað nokkur kolefnisspor. Fulltrúi Flokks fólksins hefur áhyggjur af því að nú þegar Covid verður víkjandi fari allt í sama horf og fyrir Covid. Gríðarlegum

fjármunum verði eytt í ferðalög m.a. embættismanna um allan heim með tilheyrandi fjölda af kolefnissporum.

Hreinn Ólafsson fjármálastjóri tekur sæti á fundinum þessum lið.

11. Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness, um fjölgun stöðvunarskýla Strætó á Kjalarnesi og betri samrýmingu á strætóleiðum - MSS22020115 Mál nr. US220050

Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 9. febrúar 2022, þar sem fram kemur að samþykkt var á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna, þann 8. febrúar 2022, að vísa tillögu Reginu Bergmann Guðmundsdóttur, fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness, um möguleika á fjölgun strætóskýla á Kjalarnesi til meðferðar skipulags- og samgönguráðs. Tillagan er svohljóðandi:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að beina því til stjórnar Strætó bs. að kanna fyrir árslok 2022 möguleika á fjölgun strætóskýla á Kjalarnesi til að auðvelda samgöngur til Mosfellsbæjar og Reykjavíkur auk þess sem nauðsynlegt er að samrýma ferðir leiðar 29 við aðrar leiðir Strætó bs.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins styður tillögu fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness um fjölgun strætóskýla á Kjalarnesi til að auðvelda samgöngur til Mosfellsbæjar og Reykjavíkur auk þess sem nauðsynlegt er að samræma ferðir leiðar 29 við aðrar leiðir Strætó bs. Þetta er brýnt mál. Eins og staðan er núna eiga börn og unglingar í Klébergsskóla erfitt með að taka strætó til Mosfellsbæjar og Reykjavíkur þar sem mörg þeirra stunda íþróttæfingar og annað frístundastarf. Rök ungmennaráðs fulltrúans eru rök. Þrátt fyrir að Kjósín sjálf tilheyri ekki Reykjavíkurborg þá tilheyrir sveitin í Hvalfirði samt sem áður borginni og þarf gott aðgengi að samgöngum til Reykjavíkur sem auka möguleika ungmenna töluvert á að iðka íþróttir og annað félagslíf. Eins og segir í greinargerð þá tilheyra ungmenni á Kjalarnesi Reykjavík en fá í raun og veru ekki þau strætó fríðindi sem önnur ungmenni í Reykjavík fá.

Regína Bergmann Guðmundsdóttir, fulltrúi í ungmennaráði Kjalarness og Hulda Valdís Valdimarsdóttir verkefnastjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

12. Bókun íbúaráðs Kjalarness, vegna tillögu ungmennaráðsfulltrúa á Kjalarnesi um þjónustu strætó - MSS22020115 Mál nr. US220074

Lagt fram bréf íbúaráðs Kjalarness, dags. 15. janúar 2022, til skipulags- og samgönguráðs um bókun íbúaráðsins varðandi tillögu ungmennaráðsfulltrúa á Kjalarnesi um þjónustu strætó.

13. Sóltún 2-4, breyting á deiliskipulagi (01.233.101) Mál nr. SN210452

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 10. mars 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ármannsreits, með síðari breytingum, vegna lóðarinnar nr. 2-4 við Sóltún.

14. Reynisvatnsás, breyting á skilmálum deiliskipulags Mál nr. SN220117

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 10. mars 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á almennum skilmálum deiliskipulags fyrir Reynisvatnsás.

15. Köllunarklettsvegur 1, breyting á (01.330.9) Mál nr. SN210759
deiliskipulagi

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 17. mars 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis vegna lóðarinnar nr. 1 við Köllunarklettsveg.

16. Fyrirspurn Áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, Mál nr. US220062
fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, og
áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um
útistandandi tillögur og fyrirspurnir

Lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra, dags. 17. mars 2022.

17. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks Mál nr. US220055
fólksins, um sorpflokkun

Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um sorpflokkun sbr. 29. liður fundargerðar skipulags- og samgönguráðs frá 23. febrúar 2022.

Vísað til meðferðar umhverfis- og heilbrigðisráðs.

18. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, Mál nr. US220069
um Vogabyggð

Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um Vogabyggð sbr. 18. liður fundargerðar skipulags- og samgönguráðs frá 9. mars 2022.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds

19. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur Mál nr. US220075
fram svohljóðandi fyrirspurn, um yfirlit
fyrirspurna og tillaga á kjörtímabilinu

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir yfirlit yfir öll mál, tillögur og fyrirspurnir sem Flokkur fólksins hefur lagt fram í skipulags- og samgönguráði á kjörtímabilinu. Gott er að fá upplýsingar um hvað ef þessum málum eru afgangið og þá hvenær og hvað mörg mála eru enn í ferli eða frestun.

Frestað.

**Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið kl. 10:30**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Pawel Bartoszek

Alexandra Briem
Hjálmar Sveinsson
Ólafur Kr. Guðmundsson

Sara Björg Sigurðardóttir
Örn Þórðarson
Nína Margrét Grímsdóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2022, þriðjudaginn 8. mars kl. 10:16 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1154. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Erna Hrönn Geirsdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Sigrún Reynisdóttir, Jón Hafberg Björnsson, Edda Þórsdóttir og Kristín Björg Sverrisdóttir Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. Aðalstræti 10 (11.365.04) 100594 Mál nr. BN060411

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi þannig að dyraop er stækkað, hurðir eru fjarlægðar og eldvarnarskilgreiningar uppfærðar á 1. hæð í skrifstofu- og verslunarhúsi á lóð nr. 10 við Aðalstræti.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
2. Austurbakki 2 (11.198.01) 209357 Mál nr. BN060590

630109-1080 Reginn hf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að innrétta verslun í rými 0105 í mhl. 05, Reykjastræti 5 á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
3. Austurbakki 2 (11.198.01) 209357 Mál nr. BN060561

630109-1080 Reginn hf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að innrétta verslun í rými 0106 í mhl. 05, Reykjastræti 5 á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
4. Álagrandi 2A (15.216.07) 197147 Mál nr. BN060641

Carlos Nicolas A. Barreiro, Álagrandi 4, 107 Reykjavík
Maria Del Pilar C. Coello, Álagrandi 4, 107 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir breyta erindi BN041665 vegna lokaúttektar á bílskúr 0101, þannig að í stað ofnakerfis er kominn gólfhiti og norðurveggur hefur verið steyptur og einangraður á lóð nr. 2A við Álagrandi.
Samþykki meðeigenda fylgir á teikningu sem er dags. 15 febrúar 2022
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Lagfæra skráningu.
5. Álfab. 12-16/Þönglab. (46.035.03) 111722 Mál nr. BN059218

411091-1209 Garðheimar Gróðurvörur ehf., Stekkjarbakka 6, 109 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja garðyrkjumiðstöð, stálgrindarhús, klætt álsamlokueiningum og gleri á lóð nr. 6 við Álfabakka.

Erindi fylgir brunahönnun frá Örugg, verkfræðistofa dags. 20. apríl 2021, greinargerð um lóðarhönnun frá Landslag dags. 17. febrúar 2022, bréf frá lögfræðideild ráðhússins dags. 4. mars 2022 og yfirlit breytinga.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 28. maí 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. maí 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 31. maí 2021.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 25. febrúar 2022 fylgir erindi. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2022.

Stærð, A-rými: 6.862,2 ferm., 43818,8 rúmm.

B-rými: 513,1 ferm., 1.693,2 rúmm.

Samtals: 7.375,3 ferm.

Gjald kr. 12.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnuframkvæmda.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

6. Ártúnsh. (40.5--.99) 110554 Mál nr. BN060419

581096-2919 Malbikunarstöðin Höfði hf., Sævarhöfða 6-10, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að rífa matshluta grjótnámshús, mhl. 22, 23, 24 og 25, malbikunarstöðvar, mhl. 05, 01, 70, birgðageyma asfalts, mhl. 45, 44, 56, geymslu- og dæluhús, mhl. 16 og 47 ásamt óskráð mannvirki sem merkt eru 5, 15, 16 og 17 á meðfylgjandi loftmynd og töflu af lóð með landnúmer 110554, Ártúnshöfði og 6-10 við Sævarhöfða.

Niðurrif fastanr.:

F204 2955: Mhl. 27 grjótnámshús 177 ferm., mhl. 24 grjótnámshús 106 ferm., mhl. 23 grjótnámshús 246 ferm., mhl. 22 grjótnámshús 66 ferm., mhl. 16 sand- og malarnám, 61 ferm.

F2042967: Mhl. 50 efnisgeymir 6,5 ferm.

F2042954: Mhl. 45 asfalt birgðageymir 241 fer., mhl. 45 asfalt birgðageymir 241 ferm., mhl. 56 asfalt birgðageymir 75,4 ferm, mhl. 47 dæluhús 84 ferm.

Óskráð mannvirki nr. 5, fínefnageymsla 418 ferm.

Óskráð mannvirki nr.15, asfalt daggeymar 12,5 ferm.

Óskráð mannvirki nr. 16, asfalt daggeymar 12,5 ferm.

Óskráð mannvirki nr. 17, gasolíugeymir 20ferm.

Samtals niðurrif: 1.956,9 ferm15.608,8 rúmm.

Erindi fylgir afrit tölvupósts dags. 4. janúar 2022 og loftmynd af lóð sem sýnir óskráð mannvirki sem merkt eru 5, 15, 16 og 17 og töflu af lóð með landnúmer 110554, Ártúnshöfði og 6-10 við Sævarhöfða .

Gjald kr.12.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

7. Barmahlíð 43 (17.100.19) 107134 Mál nr. BN060666

490312-0480 Barmahlíð 43-45,húsfélag, Barmahlíð 43, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að hækka þak, byggja kvisti og svalir og innréttu stækkun íbúðar á 2. hæð fjölbýlishúss á lóð nr. 43 við Barmahlíð.

Lagðar eru fram umsagnir skipulagsfulltrúa dags. 21. apríl og 5. nóvember 2021.

Stækkun: 102,5 ferm., 135,9 rúmm.
Eftir stækkun, A-rými: 465,5 ferm., 1.248,4 rúmm.
B-rými: 6,7 ferm.
Gjald kr. 12.600
Frestað.

Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu. Vísað til uppdráttar. A-1-GS-01, A-1-Á-01, A-1-Y-01, dags. 28.02.2022.

8. Barmahlíð 45 (17.100.20) 107135 Mál nr. BN060665
490312-0480 Barmahlíð 43-45, húsfélag, Barmahlíð 43, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að hækka þak, byggja kvisti og svalir og innrétta stækkun íbúðar á 2. hæð fjölbýlishúss á lóð nr. 45 við Barmahlíð.
Lagðar eru fram umsagnir skipulagsfulltrúa dags. 21. apríl og 5. nóvember 2021.
Stækkun: 102,5 ferm., 135,9 rúmm.
Eftir stækkun, A-rými: 465,5 ferm., 1.248,4 rúmm.
B-rými: 6,7 ferm.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu. Vísað til uppdráttar. A-1-GS-02, A-1-Á-02, A-1-Y-02, dags. 28.02.2022.
9. Básiendi 2 (18.240.10) 108382 Mál nr. BN059142
Arnar Konráðsson, Básiendi 2, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að hækka rishæð og innrétta stækkun íbúðar á 1. hæð, gera svalir á 1. hæð og klæða að utan með lerki einbýlishús á lóð nr. 2 við Básienda.
Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. janúar 2018.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. maí 2021 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2021.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 4. mars 2022 fylgir erindi, umsagnarbréf væntanlegt.
Stækkun: 83,8 ferm., 116,2 rúmm.
Eftir stækkun: 239,4 ferm., 681,2 rúmm.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Lagfæra skráningu.
10. Bíldshöfði 9 (40.620.01) 110629 Mál nr. BN060533
421014-1590 Opus fasteignafélag ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að innrétta verslun, lager og veitingasölu í flokki I, teg. c, fyrir 12 gesti í rými 0115, gera milligólf fyrir loftræsisamstæðu fyrir ofan lager, rými 0117, síkka glugga, bæta við gluggum og gera tvo nýja innganga á vesturhlið á 1. hæð í verslunar- og þjónustuhúsi, mhl.01, á lóð nr. 9 við Bíldshöfða.
Stækkun: 25. 8 ferm.,
Erindi fylgir tölvupóstur frá hönnuði til skýringar á minnkun rúmmáls. dags. 8. mars. 2022.
Gjald kr.12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
11. Breiðhöfði 13 (40.301.01) 110517 Mál nr. BN060460
520402-2410 Vagneignir ehf., Krókhálsi 9, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053724, sem felast í að stigi utanhúss af svölum hefur verið fjarlægður, gluggi minnkaður á 1. hæð vesturhliðar, hurð á 2.

hæð austurhliðar felld út og breytingar á innra skipulagi húss á lóð nr. 13 við Breiðhöfða.

Stærð: Óbreytt

Erindi fylgir greinargerð brunahönnuðar dags. 11. janúar 2022 og yfirlit breytinga dags. 10. janúar 2022.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á teikningu nr. A.01.09 dags. 10. janúar 2022.

Gjald kr. 12.600

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

12. Brekknaás 4 (47.232.01) 180145 Mál nr. BN060566
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi á þann hátt að ræstirými er breytt í snyrtingu fyrir starfsmenn og geymslu inn af anddyri er breytt í ræstingu fyrir leikskólann Blásali á lóð nr. 4 við Brekknaás.
Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 1. mars 2022 og yfirlit breytinga á A3 afriti af aðalteikningum samþykktum 14. maí 1998, A3 teikning VA arkitekta sem sýnir núverandi fyrirkomulag dags. 1. febrúar 2022.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
13. Dragháls 18-26 (43.043.04) 111022 Mál nr. BN060656
450613-2580 Íþaka fasteignir ehf., Lynghálsi 4, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057014, þannig að innra skipulagi rýma 0101 og 0105 er breytt, komið er fyrir dekkjalager og anddyri sem verður rými 0122, í húsi á lóð nr. 18-26 við Dragháls.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
14. Faxafen 10 (14.661.01) 195609 Mál nr. BN060660
620812-0560 GILDI fasteignafélag ehf., Auðbrekku 9-11, 200 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að innrétta snyrtistofu í rými 0209 í húsi á lóð nr. 10 við Faxafen.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
15. Fjallkonuvegur 1 (28.553.01) 110068 Mál nr. BN060647
500269-3249 Olíuverzlun Íslands ehf., Skútuvogi 5, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi mhl. 01 þannig að innréttingar eru endurnýjaðar, verslun/afgreiðsla breyttar og kaffistofa, ræsting og fataherbergi er fært til í bensínstöðinni á lóð nr. 1 við Fjallkonuveg.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlit.
16. Flugvöllur 106930 Mál nr. BN060624
591219-1380 Isavia Innanlandsflugvelli ehf, Reykjavíkflugvelli, 102
Sótt er um leyfi fyrir aðflugsljósum við enda 13. flugbrautar, vestan við Suðurgötu, tengt lóð Reykjavíkflugvallar, L 106930.
Stærð:
Erindi fylgir deiliskipulagsuppráttur auglýstur í B-deild stjórnartíðindum þann 27. janúar 2017.
Gjald kr.12.600
Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

17. Friggjarbrunnur 39-41 (26.935.07) 205811

Mál
BN0604

510202-3680 Trétraust ehf, Viðarrima 60, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt, pallað parhús með einhalla timbur þaki á lóð nr. 39-41 við Friggjarbrunn.
Stærð: 347,4 ferm., 1.184,4 rúmm.
Nr.39 173,7 ferm., 592,2 rúmm.
Nr.41 173,7 ferm., 592,2 rúmm.
Erindi fylgir samþykki lóðarhafa nr. 23-35 við Friggjarbrunn vegna sorplausnar og aðkomu að bílageymslu erindis, dags. 20. desember 2021.
Gjald kr.12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.

18. Funafold 42 (28.605.01) 172375 Mál nr.
BN060591

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að byggja tveggja hæða viðbyggingu við vesturgafli núverandi byggingar, mhl.01, færa aðalinngang, breyta innra skipulagi og fjölga deildum um fjórar í leikskólanum Funaborg, einnig er sótt um leyfi til þess að byggja sorpgeymslu, mhl.02 og hjólageymslu mhl. 03, á lóð nr. 42 við Funaborg.
Stækkun mhl.01: 951.3 ferm., 3.726 rúmm.
Stærð mhl.02: 21.3 ferm., 72.3 rúmm.
Stærð mhl.03: 30.3 ferm., 109.2 rúmm.
Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 15. febrúar 2022, A3 afrit af deiliskipulagi dags. 24. október 2019, lóðauppdráttur 2.860.5 dags 30. júlí 2020, teikningaskrá teikn. nr. 001 útg. B00, skýringarmyndir nr. 002 útg B00 og 003 útg. B00 dags. 14. febrúar 2022 og A3 afrit af aðaluppdrætti samþykktum 10. mars 1998.
Gjald kr. 12.600.
Frestað.
Lagfæra skráningu.

19. Gerðarbrunnur 46 (50.547.02) 206061 Mál nr.
BN060415

Hálf dán Kristjánsson, Furuás 1, 221 Hafnarfjörður
Sótt er um leyfi til þess að byggja steinsteypt einbýlishús á tveimur hæðum með aukaíbúð og innbyggðum bílskúr á lóð nr. 46 við Gerðarbrunn.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundur skipulagsstjóra frá 4. mars 2022, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 4. mars 2022.
Stærðir: xx.x ferm., xx.x rúmm.
Erindi fylgir mæliblað 5.054.7 dags. 8. janúar 2019 og hæðablað 5.054.7-B4 dags. maí 2018.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda og til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 4. mars 2022.

20. Grandagarður 18 (11.142.02) 100034 Mál nr.
BN060635

530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta notkun hluta húss, úr vörugeymslu í skrifstofur fyrir 15 manns á 2.hæð, steypa þvottaplan og koma fyrir olíuskilju norðaustan við hús á lóð nr. 18 við Grandagarð.
Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Gjald kr.12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.

21. Grandagarður 2 (11.153.01) 100058 Mál nr.
BN060662

410202-2630 Sögusafnið ehf., Lindarflöt 36, 210 Garðabær
Sótt er um leyfi til að uppfæra brunavarnir í húsi á lóð nr. 2 við Grandagarð
Gjald kr. 12.600

Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits.

22. Grensásvegur 13 (14.650.01) 105680 Mál nr. BN060534
540481-1729 Húsfélagið Grensásvegi 13, Grensásvegi 13, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi að opna tímabundið milli matshluta og innréttar fæðingarheimili í rýmum 04-0102 og 05-0101 í húsi á lóð nr. 5 við Haukahlíð.
Stærð: Óbreytt
Gjald kr.12.600
Frestað.
Uppfærðum teikningum vísað til embættis skipulagsfulltrúa.
23. Haukahlíð 5 (14.650.01) 105680 Mál nr. BN060534
540481-1729 Húsfélagið Grensásvegi 13, Grensásvegi 13, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og til að setja svalir á austur og suðurhlíð 2. og 3. hæðar á húsi á lóð nr. 13 við Grensásveg.
Stærð: Óbreytt
Gjald kr.12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
24. Hestháls 6-8 (43.231.01) 111035 Mál nr. BN060560
670509-1840 EGG fasteignir ehf., Sævarhöfða 2, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta 2. hæð í lager og koma fyrir vörulyftu í stökk upp á 2. hæð og koma fyrir flóttastiga frá 2. hæð á suðurhluta mhl 03 á lóð nr. 6-8 við Hestháls.
Stækkun vegna vörulyftu er: 32,8 ferm. 180,5 rúmm.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
25. Héðinsgata 8 Mál nr. BN060648
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að reisa tvö smáhýsi úr krosslímdu timbureiningum, mhl.01 og mhl.02, á lóð nr. 8 við Héðinsgötu.
Stærðir:
Mhl.01: 29.7 ferm., 90.9 rúmm.
Mhl.02: 32.7 ferm., 98.4 rúmm.
Erindi fylgir umboð hönnuðar dags. 25. febrúar 2022, mæliblað 1.327.201 dags. 13. mars 2020 og hæðablað 1.327.201 dags.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
26. Hólmað 38-52 (47.417.01) 198828 Mál nr. BN060578
Hlynur Hjörleifsson, Hólmað 40, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN032607, vegna lokaúttektar í húsi nr. 40 á lóð nr. 38-R við Hólmað.
Stærð: 14,3 ferm.
Gjald kr.12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.
Afgreitt með sömu stimplum og stofnerindi.

27. Hraunbær 133 (43.411.01) 227324 Mál nr. BN060161
490916-0670 Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN059023 þannig að uppbyggingu veggja votrýmiskjarna er breytt, stærðum skyggna yfir aðalinngöngum er breytt, svalir eru stækkaðar og skráningartafla uppfærð fyrir fjölbýlishús, mhl.01, á lóð nr. 133 við Hraunbæ.
Stærðir:
A-rými: 3.239.9 ferm., 10.068.2 rúmm.
B-rými: 140.4 ferm..
Erindi fylgir uppfærð teikningaskrá aðaltekninga dags. 28. október 2021 og afrit af innlögðum aðaluppdráttum sem yfirlit breytinga.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreitt með sömu stimplum og stofnerindi.
28. Hverfisgata 100 (11.741.03) 101581 Mál nr. BN060440
520321-1360 Hverfisgata 100 ehf., Dugguvogi 42, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja ofan á hús og innrétt 12 íbúðir á fjórum hæðum og geymslu á einni hæð með þaksvölum á baklóð við hús á lóð nr. 100 við Hverfisgötu.
Stækkun: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Eftir stækkun, mhl. 01, A-rými: 779,6 ferm., 2.281,9 rúmm.
B-rými: 42,8 ferm.
Mhl. 02, A-rými: 58 ferm., 161,6 rúmm.
Erindi fylgir greinargerð brunahönnuðar dags. 11. janúar 2022 og greinargerð um hljóðvist dags. 10. febrúar 2022.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
29. Hverfisgata 52 (11.721.01) 101439 Mál nr. BN060544
520521-1350 Belle ehf., Skúlagötu 32, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að innrétt og opna götunarstofu í rými 0101 í verslunar- og íbúðarhúsi á lóð nr. 52 við Hverfisgötu.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
30. Hörpugata 12 (16.357.05) 106696 Mál nr. BN060556
Sesselja Bjarnadóttir, Hörpugata 12, 102
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054446 þannig að tröppum niður í garð er breytt, gluggasetningu er breytt, komið er fyrir steiptum vegg á lóðarmörkum og sótt um leyfi fyrir setlaug í garði með læstu loki og til að skilgreina sérafnotaflöt á lóð nr. 12 við Hörpugötu
Erindi fylgir samþykki lóðarhafa að Hörpugötu nr. 10 dags. 10. febrúar 2022.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við fókheldi.
Afgreitt með sömu stimplum og stofnerindi.
31. Jöfursbás 2 (22.207.01) 228390 Mál nr. BN060099
470421-2740 Icefilm ehf., Jöfursbás 4, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum úr blönduðu burðarvirki, steypu og límtré, um er að ræða verkstæði og geymsluaðstöðu fyrir stóran sviðsbúnað fyrir kvikmyndagerð og skrifstofur á lóð nr. 2 við Jöfursbás.

Stækkun er: 2.497,9 ferm., 14.918,4 rúmm.
Erindi fylgir greinargerð brunahönnuðar dags. 19. október 2021 og greinargerð
hljóðvistar dags. 11. janúar 2022.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.

32. Kringlan 4-12 (17.210.01) 107287 Mál nr.
BN060625
530117-0650 Reitir - verslun ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052441, vegna lokaúttektar, á rými 0132 í
verslunarmiðstöð á lóð nr. 4-12 við Kringluna.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreitt með sömu stimplum og stofnerindi.
33. Langholtsvegur 206 (14.453.07) 105581 Mál nr.
BN060655
